



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mörkin lögmannsstofa hf.
b.t. Harðar Felix Harðarsonar, hrl.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2015
Tilv.: 1309012

Efni: Beiðni um gögn og upplýsingar

Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar hvort umbjóðendur yðar, Samskip hf., Landflutningar ehf., Jónar Transport hf. og tengd fyrirtæki, (hér eftir öll nefnd í einu lagi Samskip nema annað sé tekið fram) og Eimskipafélag Íslands hf., Eimskip Íslands hf., Flytjandi, TVG Zimsen ehf. og tengd félög¹ (hér á eftir nefnd í einu lagi Eimskip), hafi með ætluðu ólögmætu samráði brotið gegn banni 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Um framangreint vísast nánar til fyrri bréfa Samkeppniseftirlitsins til umbjóðenda yðar.

Með vísan til 19. gr. samkeppnislaga óskar Samkeppniseftirlitið eftir eftirfarandi gögnum og upplýsingum:

1. Skipurit

Afhenda skal öll skipurit Samskipa hf., Landflutninga ehf. og Jóna Transport hf. frá og með 2006 til dagsetningar þessa bréfs.

2. Starfsmannalisti

Afhenda skal lista yfir alla fyrrverandi og núverandi stjórnendur Samskipa (forstjóra, framkvæmdastjóra, forstöðumenn o.s.frv.), viðskipta- eða sölustjóra, þjónustufulltrúa, aðra starfsmenn sem koma að markaðs- og sölumálum og aðra starfsmenn sem voru eða eru í samskiptum við viðskiptavini, fyrir tímabilið frá og með árinu 2006 til dagsetningar þessa bréfs.

Listinn skal afhentur á rafrænu formi (Excel) og skal afhentur í stafrófsröð með nöfnum starfsmanna, flokkað eftir deildum og með upplýsingum um starfstítil viðkomandi. Athugið að hér þarf ekki að tilgreina starfsmenn á borð við bílstjóra, starfsmenn á skipum, almenna starfsmenn á lager eða mötuneytum o.s.frv.

¹ Önnur dóttur- eða systurfélög Eimskipafélags Íslands hf., Eimskips Íslands hf., Flytjanda, TVG Zimsen ehf., hvort sem þau félög eru skráð héraðs eða erlendis.



Tilgreina ber sérstaklega ef viðkomandi starfsmaður hefur hætt störfum. Þá skal tilgreina hvenær viðkomandi hætti störfum, ásamt því, ef við á, hvort og hvert viðkomandi hafi færst til starfa innan samstæðu Samskipa, hér á landi eða erlendis.

Afhenda skal upplýsingar um netföng í fyrrgreindum starfsmannalístum. Hafi fyrirtækin notast við skammstafanir starfsmanna varðandi rafræn kerfi og gögn skal þá sömuleiðis upplýsa um þessar skammstafanir.

3. Leiðarkerfi reglubundinna áætlunarsiglinga og landflutninga

Afhenda skal nákvæmar upplýsingar um leiðarkerfi Samskipa og Landflutninga annars vegar varðandi reglubundnar áætlunarsiglingar til og frá Íslandi og hins vegar varðandi landflutninga. Tímabil er frá og með árinu 2006 til dagsetningar þessa bréfs.

4. Breytingar á verð- eða gjaldskrá Samskipa og Landflutninga

Afhenda skal afrit af verð- eða gjaldskrá Samskipa og Landflutninga vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi og landflutninga, sem gilt hafa frá og með árinu 2006 til dagsetningar þessa bréfs. Þá skal afhenda upplýsingar og tilgreina sérstaklega breytingar á verð- eða gjaldskrá, dagsetningu breytinga, og hvaða gjaldskráliðir breyttust eða eru nýir.

5. Sjónarmið um skilgreiningu markaða, markaðshlutdeild og keppinauta

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hugtakið staðganga skírskotar til vöru eða þjónustu sem að fullu eða að verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Samkvæmt þessu er markaðurinn skilgreindur með tvennum hætti, þ.e. annars vegar með tilliti til þeirrar vöru eða þjónustu sem um er að ræða og hins vegar með tilliti til þess markaðssvæðis (landsvæðis) sem til greina kemur.

Óskað er sjónarmiða Samskipa vegna skilgreininga á mörkuðum eftirgreindrar þjónustu, jafnframt skal tilgreina keppinauta Samskipa á þessum mörkuðum og áætlaða markaðshlutdeild Samskipa. Tímabilið er frá og með árinu 2006 til dagsetningar þessa bréfs:

i) Sjóflutningar til og frá Íslandi.

Fjallað er um skilgreiningu markaðar í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 Hf. *Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Óskað er sjónarmiða ef talið er að þær skilgreiningar hafi breyst;

ii) Landflutningar (flutningur innanlands);

iii) Vöruhúsaþjónusta á Íslandi og

iv) Flutningsmiðlun.

6. Upplýsingar og gögn vegna samskipta tiltekinna starfsmanna við keppinauta

i) Afhenda skal afrit af öllum gögnum sem varða samskipti eftirfarandi fyrrverandi eða núverandi starfsmanna Samskipa við fyrrverandi eða núverandi starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips frá og með árinu 2006 til dagsetningu þessa bréfs:



- a)
- b)
- c)
- d)
- e)
- f)
- g)
- h)
- i)
- j)

Með samskiptum er hér átt við hvers kyns samskipti, formleg eða óformleg, s.s. fundir, óformlegar viðræður, símtöl, tölvupóstasamskipti, samskipti í gegnum samfélagsmiðla o.fl. tilgreindra starfsmanna við starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips (núverandi eða fyrrverandi). Eins og fyrr segir vísar „Eimskip“ til allra tengdra félaga sem tilgreind eru hér að framan í upphafi bréfs þessa.

Með gögnum í fyrrgreindum skilningi er átt við tölvupósta, bréf, minnisblöð, minnispunktir, fundargerðir, færslur í dagbók, fundarboð (t.d. Calender í Outlook), glærukynningar, samninga, yfirlit yfir símtöl, samningsdrög og öll önnur gögn sem varða samskipti tilgreindra starfsmanna við starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips (núverandi eða fyrrverandi, á umræddu tímabili frá og með árinu 2006 til dagsins í dag). Hið sama gildir um öll fyrirliggjandi gögn sem hafa að geyma frásögn eða tilvísun til slíkra samskipta.

Afhenda skal fyrrgreind gögn óháð því hvar, hvernig eða á hvaða formi þau eru varðveitt, t.a.m. á pappír, hvers konar rafrænu formi eða hljóð- eða myndrænu formi.

Afhenda skal framangreind gögn með skipulögðum hætti. Skal tilgreint frá hvaða starfsmanni Samskipa hvert og eitt gagn stafar og skal þeim raðað í tímaröð. Ef tiltekið gagn er óljóst að efni til er heimilt að skýra efni þess.

ii) Hafi tilgreindir starfsmenn Samskipa átt samskipti við starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips og/eða tengdra félaga, sem ekki koma fram í fyrirliggjandi gögnum, er óskað eftir því að tilgreint verði milli hverra þau samskipti áttu sér stað og dagsetningu þeirra. Eftir atvikum verði fundarstaður eða samskiptamáti tilgreindur ásamt því tekur upplýsingaskylda þessi til þess hverjir hafi tekið þátt í eða verið viðstaddir þessi samskipti.

7. Gögn um samskipti við keppinauta

Hafi einhver þeirra starfsmanna Samskipa, sem tilgreindir eru í lið 6 hér að framan, fengið í hendur bréf, minnisblöð, tölvupósta, samninga, samningsdrög, glærukynningar og hvers konar önnur gögn sem varða samskipti annarra starfsmanna Samskipa við starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips (núverandi eða fyrrverandi) óskar Samkeppniseftirlitið eftir afriti af þeim. Tekur þetta til gagna frá og með árinu 2006 til dagsetningar þessa bréfs.



Skulu þau gögn afhent með sama hætti og gögnin skv. lið 6.

8. Stærstu viðskiptavinir eftir vöruflokkum og gögn sem tengjast þeim

- i) Afhenda skal lista yfir allt að 25 stærstu viðskiptavinum² Samskipa og Landflutninga (m.v. viðskiptaveltu) eftirgreindum vöruflokkum a) til o) vegna kaupa á reglubundnum áætlunarsiglingum til Íslands ásamt eftir atvikum forflutningi erlendis og/eða áframflutningi/dreifingu innanlands (heildarflutningsþjónusta vegna innflutnings);

Vöruflokkar

a) Almenn matvara	i) Málmur
b) Drykkjarvara	h) Byggingavara
c) Fatnaður, skór og vefnaðarvara	j) Lagnaefni
d) Rafmagnstæki og rafeindatæki	k) Efnavara
e) Húsgögn	l) Eldsneyti og olía
f) Plast og gúmmí	m) Vélar og tæki
g) Pappír, prentefni og umbúðir	n) Bílar
	o) Fóður og korn

Afhenda skal listana fyrir hvert af eftirgreindum árum: 2006; 2007; 2008; 2009; 2010; 2011; 2012 og 2013. Í hverjum lista skal tiltaka upplýsingar um fjárhæðir tekna af flutningunum (án skatta) og magn (TEU og tonn) hjá hverjum viðskiptavin fyrir öll framangreind ár.

Einnig skal afhenda lista yfir nöfn viðskiptastjóra, fyrir sama tímabilið frá og með árinu 2006 til og með árinu 2013. Tilgreina skal hvaða viðskiptastjóri hafði umsjón með hverju fyrirtæki fyrir sig. Greina þarf frá því ef umsjón viðskiptavinar færðist á milli viðskiptastjóra og tilgreinið dagsetningu þeirrar tilfærslu.

- ii) *Samningar*. Einnig skal afhenda afrit af öllum samningum sem voru í gildi eða Samskip gerði við fyrrgreind stærstu fyrirtækin umrædd ár.
- iii) *Útboð/beiðnir*. Afhenda skal afrit af öllum gögnum um útboð og/eða beiðnir um tilboð sem Samskip hefur borist frá fyrrgreindum fyrirtækjum umrædd ár.
- iv) *Tilboð*. Afhenda skal afrit af öllum tilboðum sem Samskip hefur gefið fyrrgreindum fyrirtækjum umrædd ár. Tekur þetta til bæði tilboða sem Samskip hefur gefið að eigin frumkvæði og vegna útboðs eða óskar viðkomandi fyrirtækis um tilboð. Tekur beiðnin til allra gagna sem fela í sér einhver viðbrögð eða svör við beiðni umræddra fyrirtækja um tilboð eða þátttöku í útboði, t.d. minnisblöðum, áætlunum, fyrirmælum, útreikningum, tölvupóstum, bréfum o.s.frv.

² Ef hlutaðeigandi vöruflokkur inniheldur færri viðskiptavinir en 25 skal veita upplýsingar um alla viðskiptavinina. Séu fleiri viðskiptavinir en 25 í hlutaðeigandi vöruflokki, þá skal afhenda lista yfir 25 stærstu í viðkomandi vöruflokki.



Hafi Samskip ekki svarað beiðni um tilboð eða þátttöku í útboði frá umræddum fyrirtækjum skal upplýst um hvert slíkt tilvik fyrir sig. Óskað er eftir afriti af öllum gögnum sem þessu tengjast, t.d. minnisblöðum, áætlunum, fyrirmælum, útreikningum, tölvupóstum, bréfum o.s.frv.

- v) *Viðskiptasaga*. Veita skal upplýsingar um viðskiptasögu hvers og eins þessara fyrirtækja, þ.e. ef samningi var sagt upp áður en gilditíma hans lauk eða samningur framlengdur án þess að nýr hafi verið gerður o.s.frv. Skulu allar dagsetningar sem tengjast þessu tilgreindar.
- vi) *Misst/fengin viðskipti*. Afhenda skal lista yfir þau fyrirtæki í framangreindum vöruflokkum sem hættu í viðskiptum hjá Samskipum á umræddu tímabili, sömuleiðis skal tilgreina ef viðskiptin færðust til Eimskips. Sömuleiðis skal afhenda lista yfir þau viðskipti sem komu til Samskipa og skal tilgreina hafi viðskiptin áður verið hjá Eimskip.

9. 50 stærstu viðskiptavinirnir

Afhenda skal lista yfir 50 stærstu viðskiptavini Samskipa innan hvers og eins tölulíðar hér fyrir neðan (m.v. viðskiptaveltu) vegna kaupa á (athugið ekki flokkað niður í vöruflokka eins og í spurningu 9 hér að framan):

- 1) Reglubundnum áætlunarsiglingum til Íslands ásamt eftir atvikum forflutningi erlendis og/eða áframflutningi/dreifingu innanlands (heildarflutningsþjónusta);
- 2) reglubundnum áætlunarsiglingum frá Íslandi ásamt eftir atvikum forflutningi innanlands og/eða áframflutningi erlendis (heildarflutningsþjónusta);
- 3) landflutningum;
- 4) flutningsmiðlun og
- 5) vöruhúsaþjónustu.

Afhenda skal alla listana aðgreint fyrir eftirgreind ár: 2006; 2007; 2008; 2009; 2010; 2011; 2012 og 2013. Í hverjum lista skal tiltaka upplýsingar um fjárhæðir tekna af flutningunum (án skatta) og magn (TEU og tonn) hjá hverjum viðskiptavin fyrir hvert og eitt framangreindra ára.

10. Samningar við önnur flutningafyrirtæki

- i) Óskað er eftir afriti af öllum samningum sem Samskip hefur gert við fyrirtæki sem hafa með höndum hvers konar sjóflutninga, landflutninga, flutningamiðlun og vöruhúsaþjónustu. Tekur þetta til allra samninga sem með beinum eða óbeinum hætti varða flutninga til og frá Íslandi, flutninga innanlands, vöruhúsaþjónustu og flutningsmiðlun sem tengist flutningum til og frá landinu.

Tekur þetta til allra samninga sem gerðir hafa verið frá árinu 2006 til dagsetningu þessa bréfs. Hið sama gildir um alla samninga sem í gildi hafa verið á þessu tímabili og breytingar á þeim.

- ii) Fyrir sama tímabil og í i) hér að framan er einnig óskað eftir afriti af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi milli annars vegar Samskip og hins vegar fyrirtækja sem hafa með höndum hvers konar sjóflutninga,



landflutninga, flutningsmiðlun og vöruhúspjónustu. Tekur þetta til allra slíkra gagna án tillits til þess hvar eða hver samdi þau, og án tillits til þess á hvaða vettvangi þau verða til eða eru sett fram á (t.a.m. hagsmunasamtaka hvers konar). Framangreind upplýsingaskylda nær til allra gagna sem fjalla um slík drög eða samstarfstillögur, -hugmyndir eða -viðræðna, t.d. tölvupóstur, minnisblöð, glærukynningar o.sfrv. Ef tiltekið gagn er óljóst að efni til er heimilt að skýra efni þess.



11. Lokaorð

Upplýsingaskylda þessi tekur til hvers konar gagna sem eru aðgengileg frá starfsstöðvum fyrirtækjanna, með hvers konar hætti, rafrænum eða á pappír, og þá óháð staðsetningu, vistun eða geymslu gagnanna. Afhenda skal öll gögn með skipulegum og aðgengilegum hætti.

Í svörum skal skýra frá þeim forsendum sem búa að baki afhentum upplýsingum. Mikilvægt er að svör og upplýsingar séu nákvæmlega eftir fyrirmælum hvarrar spurningar hér að framan. Í dæmaskyni má nefna að sé spurt um landflutninga þá skulu svör taka til flutnings á landi óháð skilgreiningu fyrirtækisins t.a.m. vegna virðisaukaskatts-fyrirkomulags á þeim flutningum sé um áframflutning að ræða.

Óskað er eftir að umbeðnar upplýsingar og gögn berist Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en 30. mars 2015. Mikilvægt er að svör séu merkt þeim tölu- eða bókstöfum sem tilgreindir eru hér að framan í bréfi þessu. Vakin er athygli á því að synjun á afhendingu gagna og upplýsinga getur varðað stjórnvaldssektum eða dagsektum, sbr. 37. og 38. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum. Að auki er vakin athygli á því að hver sá sem í tengslum við upplýsingaöflun á grundvelli 19. gr. og 20. gr. fyrrgreindra samkeppnislaga og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eyðileggur, falsar, kemur undan eða gerir á anna hátt ónothæf hvers konar gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, sbr. 41. gr. b. fyrrgreindra samkeppnislaga.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða sé óskað frekari upplýsinga eða skýringa við beiðni þessa, hulda@samkeppni.is.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Hulda Hákonardóttir